

1875

60
30sta
ágúst.

fyrirmyndinni a, og hver hreppstjóri á kláðasvæðinu 10 expl. af fyrirmyndinni b og 20 expl. af fyrirmyndinni c, en hver hreppstjóri í sveitum þeim, þar sem skoðanir eiga að fara fram samkvæmt 5. gr. auglýsingunnar 4 expl. af fyrirmyndinni b, og eruð þjer beðnir að sjá um, að fyrirmyndunum verði skipt í þessu hlutfalli.

Með tilliti til þess, sem þjer í nefndu brjefi segið um, að þjer efast um, að heimild sje til að skera niður hjá öðrum fjáreigöndum en þeim, er sjúkt fje finnast hjá, þrátt fyrir það, þó þeir hafi ekki hús og hey handa skepnum sínum, skal jeg geta þess, að jeg fæ ekki betur sjeð en, að allt fje milli Hvítáanna megi álita grunað, og að valdstjórnin hafi, ef lækningum þeim, er fyrirskipaðar eru, getur eigi orðið framgengt vegna þess, að fjáreigendur hafa ekki nægileg hús nje heyfóður, bæði skyldu og rjett til að gjöra tryggjandi ráðstafanir til, að fje, sem líkindi eru til að kláði dyljist í, þó hann sje eigi en orðinn svo megn, að hann finnist við skoðun, verði eigi til að breiða út sóttnæmið, en einasti vegurinn til þess annar en lækningameðferðin, er niðurskurður, sem að öðru leyti sjálfsagt verður að ákveða samkvæmt fyrirmælum tilskipunarinnar frá 4. marz 1871.

Í brjefi mínu frá 12. f. m. hef jeg tekið fram, að bændur, sem vildu setja fje á vetur á svæðinu milli Hvítáanna, yrðu að ætla hverri skepnu að minnsta kosti hálfsmánadarfóður, og skal jeg með tilliti til þess, að dýralæknirinn eptir brjefi yðar hefur talið 3 mánaða fóður nauðsynlegt, geta þess, að jeg hef að eins tiltekið hið minnsta fóður, sem spurning gæti orðið um að mínu áliti; en að öðru leyti geri jeg eins og sjá má af fyrirmynd a, við auglýsingu mína frá í dag, ráð fyrir, að í hverjum hreppi verði sjerstaklega gjörð áætlun um tíma þann, er ætla megi skepnum innigjöf í, ef að minnsta kosti 3 baðanir eiga að fara fram.

Jeg er yður samdóma um það, að ástæða sje til að skipa sjerstaklegt lögregluþirlit hlutadeigandi sýslumönnum til aðstoðar í sjóarsveitunum, sem eru Út-Ölfus, Selvog, Grindavík, Hafnar, Rosmhvalanes- og Vatnsleysustrandarhreppar, og ímynda jeg mjer, að einn lögreglustjóri geti með aðstoð dýralæknis tekið að sjer tilsjón með framkvæmdunum í sveitum þessum.

Í hinum sveitunum á hinu kláðagrunaða svæði, og í sýslum þeim í umdæmum yðar sem nefndar eru í 5. gr. auglýsingarinnar, ælast jeg til, að þjer skipið hinum reglulegu lögreglustjórum að sjá um framkvæmdirnar í þessu áriðanda máli samkvæmt auglýsingunni og á þann hátt, sem jeg hef bent til í 3. tölul. brjefs míns frá 12. f. m.¹.

61
31sta
ágúst.

Brjef landshöfðingja (til biskups).

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefur hans hátign konunginum þóknast 11. þ. m. mildilegast að fallast á,

að Staðarhraun og Álptártungu-prestakall í Mýra-prófastsdæmi verði sameinað við Hítardalsbrauð í eitt prestakall,

að presturinn í hinu sameinaða embætti skuli skyldur innan þess tíma, sem biskupian yfir Íslandi nákvæmar mun tiltaka, að flytja að Staðarhrauni,

að embættað verði 3. hvern helgidag til skiptis í Staðarhrauns-, Hítardals- og Álptártungukirkjum,

að kirkjujarðir Hítardals, Brúarhraun 14 hundr. að dýrleika með 4 kúgildum og

1) Sama dag var ritað amtmanninum í norður- og austurumdæminu og sýslumanninum í Húnavatnssýslu um framkvæmdir á banninu gegn fjárrekstrum suður fyrir Hvítá og á skoðunum í Húnavatnssýslu samkvæmt 5. grein auglýsingarinnar.

Hraunsmúli 8 hundr. að dýrleika með 3 kúgildum frá fardögum 1876 leggist til Ingjaldshóls og Fróðárþinga í Snæfellsnesprófastsdæmi, og

að hið sameinaða Hítardals- og Staðarhrauns-prestakall verði eptir það metið á 2471 krónu 95 aura, en Ingjaldshóls- og Fróðár-prestakall 966 kr. 12 aura.

Þetta tilkynnist yður, herra biskup til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut-
aðeigöndum.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefur hans hátign konunginum þóknast 6. f. m. mildilegast að fallast á, að leiguliðum á jörðum þeim, er landssjóður Íslands á í vesturumdæminu sje enn í 4 ár, talin frá fardögum 1873, veitt linun sú í landsskuldargjaldi af ábyllisjörðum sínum, að þeir greiði $\frac{5}{6}$ landsskuldarinnar eptir fornu verðlagi en $\frac{1}{6}$ í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári hverju; en að umboðsmönnum sje boðið að hækka landsskuldina við ábúandaskipti eptir nákvæmari ákvörðun amtmannsins í hvert skipti, er slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

Þetta er hjer með tjád herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Með brjefi frá 12. f. m. hefur ráðgjafinn fyrir Ísland samþykkt, að leyft verði ábúandanum á jörðinni Hjarðarfelli, er liggur undir Arnarstapaumboð, að leggja niður hjáleigu nefndrar jarðar Moldbrekku með þeim skilyrðum, að hinn sameinaði dýrleiki beggja jarða 23,6 hundr. framvegis hvíli á Hjarðarfelli einu, að jarðareptirgjaldið haldist óbreytt og er það 7 vættir árlega í landsskuld og fullar leigur af 5 kúgildum eða 100 pund smjör, að víðurinn í húsunum á Moldbrekku verði seldur á almennu uppboðsþingi eptir að ábúandinn hefur skilað þeim í leigufæru standi eða með nægilegu ofanálagi, og að uppboðsandvirðið með nefndu ofanálagi, verði það nokkuð, greiðist í umboðssjóðinn.

Þetta er hjer með tjád yður, herra amtmáður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Samkvæmt tilmælum fjárhagsstjórnar ríkisins við ráðgjafann fyrir Ísland skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra amtmáður, — þar sem ljósmyndari Sigfús Eymundsson hjer í bœnum hefur í erindi til nefndrar stjórnar skýrt frá, að hann áskilji sjer einkarjettindi samkvæmt lögum frá 24. marz 1865 til að eptirmynda 8 ýmislegar ljósmyndir, sem hann hefur búið til — tjáið nefndum ljósmyndara, að fjárhagsstjórnin hafi það álit, að nýnefnd lög geti eigi komið til greina í þessu máli, með því, að ljósmyndir þær, sem getið var um, hafi verið búnar til á Íslandi, er lög frá 24. marz 1865 eigi nái til; en að þessi spurning að öðru leyti sæti úrlausn dómstólanna.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Eptir að kirkju- og kennslustjórn ríkisins hafði spurzt fyrir hjá professor Johnstrup, hvort hann sjálfur eður einhver yngri vísindamaður sæi sjer fært að ferðast hingað til landsins til þess að rannsaka hjer á vísindalegan hátt, eldgos þau, sem hafa gjört vart við

1875

61
31sta
ágúst.62
1sta
septbr.63
1sta
septbr.64
1sta
septbr.65
2an
septbr.